

FJÁRLAGANEFND

Landsfundarályktun 2015

Hallarekstur ríkissjóðs heyrir nú vonandi sögunni til og tryggja þarf að svo verði áfram. Niðurgreiðsla skulda, afnám gjaldeyrishafta og að draga úr vexti ríkisútgjalda eru mikilvægustu viðfangsefni fjárlagagerðarinnar. Vöxtur ríkisútgjalda á sama tíma og skuldir ríkisins voru 75% af vergri landsframleiðslu í árslok 2014 er óásættanlegur.

Sjálfstæðisflokkurinn á að ganga á undan með góðu fordæmi og hagræða í stað þess að auka útgjöld milli ára. Hagstjórnin skiptir sköpum fyrir komandi kynslóðir til að bæta lífskjör og auka atvinnustig, stuðla að stöðugu verðlagi, hóflegu vaxtastigi og halda skuldum hins opinbera innan skynsamlegra marka. Fjármál ríkisins eru einn mikilvægasti þátturinn í því verkefni ásamt trúverðugri peningastefnu og skynsamlegum kjarasamningum á vinnumarkaði.

Niðurgreiðsla skulda forgangsatriði

Skuldastaða ríkissjóðs er óviðunandi þungbær. Forgangsatriði fjárlaga næstu ára á að vera að greiða niður skuldir til að tryggja sjálfbærni ríkissjóðs. Með lækkingu skulda ríkisins lækka 74,4 milljarða króna vaxtagjöld ríkissjóðs, en þau eru þriðji stærsti einstaki útgjaldaliður fjárlaga og samsvara nær öllum útgjöldum ríkisins til mennta- og menningarmála.

Ábyrgð ríkisins vegna lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna vegna hækkandi lífaldurs hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár án þess að sú skuldbinding komi fram í ríkisreikningi eins og ætti að vera raunin. Nauðsynlegt er að greitt verði inn á þessar skuldbindingar sem allra fyrst.

Afnám fjármagnshafta

Losun fjármagnshafta er eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda. Það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin hafi nú kynnt til sögunnar áætlun um afnám hafta en það er einvörðungu fyrsta skrefið. Ísland verður ekki samkeppnishæft fyrr en gjaldeyrishöftunum hefur verið aflétt að fullu. Ef ekki verður hægt að afnema höftin að fullu með núverandi gjaldmiðli þarf að endurskoða þá stefnu hið fyrsta.

Afleiðingar haftanna, sem varað hafa í sjö ár, eru mjög neikvæðar og koma ekki fram strax með áberandi hætti. Höftin hafa takmarkað erlenda fjárfestingu á Íslandi og fjárfestingu íslenskra aðila erlendis ásamt því að hafa haft hamlandi áhrif á vöxt íslenskra fyrirtækja út fyrir landsteinana og skert athafnafrelsi fólks.

Útgjöldin hamin - skattgreiðendur verða að fá svigrúm

Útgjöld ríkisins hafi vaxið frá síðustu kosningum á vakt Sjálfstæðisflokksins þrátt fyrir skattalækkanir. Árið 2014 námu opinber útgjöld 45% af landsframleiðslu. Í þessu felst að stjórnámálamenn eyddu næstum því annarri hverri krónu sem landsmenn öfluðu. Þessi staða er óásættanleg.

Tryggja verður að útgjöld ríkisins verði ekki fjármögnuð á kostnað skattgreiðenda með hærri skattbyrði. Draga verður verulega úr umsvifum ríkisins og forgangsraða í þágu grunnþjónustu.

Sjálfstæðisflokkurinn vill binda í lög að útgjöld ríkissjóðs vaxi ekki á milli ára umfram meðalhagvöxt undangenginna 10 ára auk 2,5% verðlagsbreytinga. Stefnt skal að því að útgjöld hins opinbera verði ekki hærri en 35% af landsframleiðslu árið 2025.

Engin útgjöld má samþykkja án greinargerðar um tilgang og markmið og skulu kostnaðargreining og tekjugreining til fimm ára fylgja lagafrumvörpum. Reglulega fari fram

óháð mat á gagnsemi, hagkvæmni og árangri af fjárframlögum til viðfangsefna svo sem sjóða og verkefna.

Pak á skuldir ríkissjóðs

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að fest verið í lög fyrirkomulag um pak á skuldir ríkissjóðs eins og boðað er í frumvarpi fjármálaráðherra um opinber fjármál. Í því felst að ef heildarskuldir ríkissjóðs fara yfir ákveðið hlutfall af landsframleiðslu verði að lækka skuldir milli ára og óheimilt að reka ríkissjóð með halla á tilteknu tímabili hverju sinni. Stefnt skal að því að skuldir ríkissjóðs verði undir 20% af landsframleiðslu innan 10 ára.

Skuldbindingar ríkissjóðs komi fram í ríkisreikningi

Í ríkisreikningi skal koma skýrt fram hverjar heildarskuldbindingar og ábyrgðir ríkisins eru á hverjum tíma og þær færðar til núvirðis. Óheimilt er að skuldbinda ríkið með ábyrgðum, lánsloforðum, lántökum eða öðrum samningum án heimilda í lögum en að sama skapi ættu allar slíkar skuldbindingar að koma fram í ríkisreikningi og teljast meðal skulda ríkissjóðs. Gera skal upplýsingar um fjárlög ýtarlegri, notendavænni og aðgengilegri.


Styrkari tók á fjármálum ríkisins

Sjálfstæðisflokkurinn telur nauðsynlegt að framkvæmd fjárlaga verði færð í traustari farveg en verið hefur þannig að heildarútgjöld samkvæmt ríkisreikningi verði aldrei hærri en fjárlög heimila.

Á tímabilinu 1995-2014 reyndust útgjöld ríkisins samkvæmt ríkisreikningi að meðaltali 10% hærri en fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir. Leggja verður af þann ósið að samþykkja aukningu útgjalda í fjárukalögum. Kalla á stjórnendur opinberra stofnana og fyrirtækja til ábyrgðar haldi þeir rekstri þeirra ekki innan fjárlaga.

Sala eigna

Sjálfstæðisflokkurinn telur að selja eigi ákveðnar ríkiseignir s.s. eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum, rekstur flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og annan verslunarrekstur Isavia sem og RÚV. Ráðast þarf í úttekt á hagkvæmni húsnæðis ríkisstofnana og ríkið selji í framhaldinu allar þær eignir sem ekki eru nauðsynlegar.



Mynd 1: Úr greiningu Efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins. Fjárlagafrumvarp 2016: Hvert liggur leiðin?